

**Starfs- og siðareglur Alþjóðasamtaka  
verkefnastjórnunarfélaga**  
IPMA Code of Ethics and Professional Conduct

Fagleg framför með siðrænum hætti!

## Eigandi og höfundur þessa skjals

Lagaleg Heimilisfang:

International Project Management Association (IPMA®)  
c/o Advokaturbüro Maurer & Stäger Fraumünsterstrasse 17  
Postfach 2018  
CH-8022 Zurich  
Sviss

Heimilisfang starfmiðstöðvar:

International Project Management Association (IPMA®) P.O. Kassi 7905  
1008 AC AMSTERDAM  
Holland

## Höfundarréttur

© 2015 International Project Management Association (IPMA®)

Öll réttindi áskilin (þ.mt þýðing á önnur tungumál). Engan hluta af þessari útgáfu má afrita á nokkurn hátt með prenti, myndprentun, á örfilmur eða öðrum hætti án skriflegs leyfis frá International Project Management Association.

*'IPMA', 'IPMA ICB', 'IPMA Level A', 'IPMA Level B', 'IPMA Level C', 'IPMA Level D', 'IPMA OCB' og 'IPMA Delta' eru skráð vörumerki og varin með lögum í flestum löndum.*

**Íslensk þýðing:** Dr Haukur Ingi Jónasson, formaður stjórnar MPM-náms, Tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

## Aðfaraorð

IPMA vill skapa heim, þar sem öll verkefni eru vel unnin. Þess vegna stuðlar IPMA að færni á öllum sviðum samfélags sem gerir einstaklingum, verkefnum og samtökum kleift að standa sig hvað þetta varðar.

IPMA býður í dag upp á fjölbreytt úrval gagnlegrar þjónustu fyrir þessa markhópa. Það felur meðal annars í sér, en er ekki takmörkuð við, fjögurra stiga vottun (4-L-C) fyrir einstaklinga sem vilja taka þátt í stjórnun verkefna, verkefnisstofna og verkefnisskráa (VV&V) sem og tveggja þrepa vottun fyrir ráðgjafa á sviði VV&V. Enn fremur veitir IPMA verðlaun fyrir framúrskarandi árangur (IPMA Project Excellence Award) og ýmis önnur verðlaun á sviði PP&P stjórnunar, PP&P-tengdum rannsóknum og fyrir framúrskarandi árangur í VV&V um allan heim. "Stefnum skör ofar" („Up to the next dimension“), er slagorð fyrir IPMA Delta®, sem er þjónusta sem notuð er til að meta og votta skipulagsheildir á mjög heildstæðan hátt. Vottunin hjálpar skipulagsheildum að þróa skipulagshæfni sína í stjórnun verkefna á grundvelli alþjóðlegra staðla.

Það er mikilvægt að öll þessi starfsemi byggist á siðferðilegum og faglegum meginreglum sem leiðbeina starfsfólki IPMA, sjálfboðaliðum og verkefnishópum, auk þeirra sem taka þátt í félagsamtökum okkar og í VV&V stjórnun um allan heim.

Landsfulltrúaráð IPMA samþykkti í mars 2015 að þessar *Starfs- og siðareglur IPMA* ættu að vera skylda fyrir alla sem starfa fyrir hönd IPMA. Beiting þessara meginreglna gera okkur kleift að ná grundvallaratriðum okkar "heilindum", "ábyrgð" og "gagnsæi". Enn fremur hvetjum við öll aðildarsamtök IPMA til að samþykkja þessar *Starfs- og siðareglur IPMA* innan þeirra áhrifasvæðis. Þær eru einnig í boði fyrir starfsgreinina sem slíka, t.d. gætu skipulagsheildir byggt sínar eigin starfs- og siðareglur á þessu skjali, stjórnendur gætu beitt þessu skjali við stjórnunarstörf sín á sviði VS&S stjórnunar og verkefnastjórar gætu nýtt þær í verkefnum sínum.

Við viljum þakka verkefnishópnum Helga Þór Ingasyni, Hauki Inga Jónassyni og Ólöfu Emblu Eyjólfsdóttur ásamt öllum þátttakendum frá landssamtökum um allan heim fyrir stuðningin við að þróa þetta skjal.

Starfs- og siðareglur IPMA mun hjálpa okkur áfram veginn!

*Reinhard Wagner forseti IPMA*

## Efnisyfirlit

Inngangur

Meginreglur

Starfs- og siðareglur IPMA

1. Fyrir hverja eru starfs- og siðareglur IPMA?
2. Siðfræðileg viðmið okkar.
3. Skuldbindingar til verkefnaeigenda og hluthafa.
4. Skuldbindingar okkar gagnvart samstarfsfólki og starfsfólki.
5. Samfélagsleg ábyrgð.
6. Sjálfbærni og náttúruleg umhverfi
7. Menntastefna okkar

Viðauki 1: Skilgreiningar

## Inngangur

Við viðurkennum að verkefni okkar, verkefnastofnar og verkefnaskrár (VV&V) hafa áhrif á fólk, samfélag og náttúrulegt umhverfi á ýmsa vegu, bæði staðbundið og á heimsvísu. Faglegri stjórnun verkefna, verkefnastofna og verkefnaskráa vex ásmegin í sífellt hnattvæddari heimi. Þessi vöxtur kallar yfir okkur nýjar áskoranir, bæði sértækt hjá okkur sem faglega meðvituðum einstaklingum og almennt á fagsviði okkar.

Við trúum því að með því að skuldbinda okkur til að starfa á siðferðilega traustum grunni munum við bæta verkefni, verkefnastofna og verkefniskár okkar og að það muni best þjóna fagþróun verkefnastjórnunar. *Starfs- og siðareglur IPMA* eru settar fram sem meginreglur og lágmarksskyldur sem við höldum í heiðri gagnvart eigendum verkefna, verkefnisstofna eða verkefnisskráa, verkefnateyrum, hagsmunaaðilum, samfélaginu og náttúrulegu umhverfi.

## Meginreglur

Við viðurkennum að samfélag okkar og tengsl milli sérfræðinga og viðskiptavina þeirra byggir á trausti, gagnkvæmri virðingu og viðurkenningu á fjölbreytileika okkar.

Við fögnum því að við, sem meðlimir þessa fagsamfélags og sem sérfræðingar, störfum í umhverfi sem litast mjög af margvíslegum viðkvæmum stjórnálalegum, menningarlegum og siðferðilegum viðfangsefnum. Við teljum að við séum best búnir til að höndla þessar áskoranir með opnum huga og af virðingu fyrir því sem aðgreinir okkur.

Þegar við vinnum með viðskiptavinum, verkefniseigendum og öðrum hagsmunaaðilum störfum við af **heilindum, ábyrgð og gagnsæi**. Við gerum okkur grein fyrir því að vinna okkar við stjórnun verkefna, verkefnastofna og verkefnisskráa getur kallað yfir okkur fjölmargar siðfræðilegar áskoranir og við teljum að við getum best tekist á við þær með því að hafa þessi gildi í hávegum.

## Starfs- og siðareglur IPMA

Við fögnum fjölbreytilegum uppruna siðferðilegra viðmiða — jafnt veraldlegra sem trúarlegra — og leitumst við að meðhöndla sérkenni af virðingu. Við undirritum *Starfs- og siðareglur IPMA* til að sýna fram á skuldbindingu okkar gagnvart meginreglum sem leiðbeina okkur í faglegum efnum.

### 1. Fyrir hverja eru starfs- og siðareglur IPMA?

Starf- og siðareglur IPMA er samansafn viðmiða sem sérfræðingar og iðkendur skulu fylgja, þar á meðal eru:

- 1.1. Sérhver sem vinnur fyrir eða innan IPMA, sem sjálfboðaliði eða sem launaður starfsmaður.
- 1.2. Sérhver sem vinnur fyrir eða innan aðildarsamtaka IPMA sem hafa samþykkt *Starfs- og siðareglur IPMA*.
- 1.3. Sérhver sem vinnur fyrir eða innan fyrirtækis sem hefur samþykkt *Starfs- og siðareglur IPMA*.
- 1.4. Sérhver sem vinnur fyrir eða innan verkefnis og/eða verkefnastofns þar sem *Starfs- og siðareglur IPMA* hafa verið samþykktar.
- 1.5. Sérhver sem undirritað hefur *Starfs- og siðareglur IPMA* (sjálfviljugur eða vegna IPMA vottunar).

### 2. Siðræn viðmið okkar.

Við viðurkennum að ásýnd starfsgreinar okkar og starfshættir helgast af orðspori okkar.

- 2.1. Hvenær sem unnt er, þá forðumst við raunverulega eða skynjaða hagsmunaárekstra og bendum hlutaðeigandi aðilum á þá þegar þeir eru til staðar.
- 2.2. Við tökum ekki við mútum af neinu tagi.
- 2.3. Við störfum ekki í verkefnum, verkefnasöfnum eða verkaefnaskráum sem geta ekki leitt til árangurs án þess að gerðar séu málamiðlanir við þau viðmið sem sett eru fram í þessum starfs- og siðareglum.
- 2.4. Við kappkostum að viðhalda og bæta faglega hæfni okkar og við tökum aðeins að okkur verkefni sem við erum fær um að stjórna.

- 2.5. Við gerum raunhæfar og heiðarlegar kröfur í útboðsferlum okkar og við búumst við því sama frá samstarfsaðilum okkar.
- 2.6. Við gerum raunhæfar áætlanir og veitum raunsannar og nákvæmar upplýsingar.
- 2.7. Við gerum raunhæfa samninga, heiðrum samningsbundnar skuldbindingar okkar og skilum árangri í samræmi við þær.

### **3. Skuldbindingar gagnvart verkefnaeigendum og hagsmunaaðilum.**

Við metum viðskiptavinum okkar, verkefnaeigendum og hagsmunaaðila og erum sérstaklega meðvituð um skyldur okkar gagnvart þeim.

- 3.1. Við virðum trúnað og opinberum og/eða ræðum trúnaðarupplýsingar aðeins við fólk sem á rétt á viðkomandi upplýsingum.
- 3.2. Í tengslum við hagsmunaaðila erum við meðvituð um þær mögulegu afleiðingar sem störf okkar kunna að hafa fyrir aðra hagaðila og við kappkostum að lágmarka neikvæð áhrif.
- 3.3. Við erum á varðbergi gagnvart hverskonar hlutdrægni og ósiðlegum áhrifum.
- 3.4. Við gerum sanngjarnar varúðarráðstafanir til að vernda okkur og teymi okkar gegn ólöglegum athöfnum og við tilkynnum glæpsamlegar tilhneigingar eða aðgerðir af hvaða tagi sem er til viðeigandi yfirvalda.
- 3.5. Við höldum verkefniseigendum og hagsmunaaðilum ávallt upplýstum með viðeigandi hætti.
- 3.6. Við hvetjum viðskiptavinum okkar til að ígrunda með gagnrýnum hætti væntingar sínar og siðræn áhrif verkefna sinna.

### **4. Skuldbindingar gagnvart samstarfsaðilum og starfsfólki.**

- 4.1. Við ráðum fólk sem er vel til þess fallið að vinna í verkefnum okkar, verkefnastofnum og verkefnaskrá, á grundvelli bakgrunns og reynslu þeirra.
- 4.2. Við tryggjum hæsta stig heilsuverndar og öryggis og við bjóðum upp á heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi.
- 4.3. Við tökum ekki þátt í verkefnum, verkefnastofnum eða verkefnaskrá sem krefjast ósjálfbærrar yfirvinnu eða fela í sér skaðleg vinnuskilyrði.
- 4.4. Við bjóðum upp á þjálfun, hlífðarþúnað eða aðrar aðferðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt vinnuumhverfi.
- 4.5. Ef verkefni okkar, verkefnastofnar eða verkefnaskrár krefjast þess að húsnæðisaðstaða sé veitt, þá tryggjum við starfsmönnum okkar aðgang að viðeigandi næði og hreinlætisaðstöðu.
- 4.6. Þegar við stöndum frammi fyrir áskorunum sem stafa af félags- og menningarlegum mun, þá tökumst á við þau á þann hátt sem endurspeglar næmi fyrir menningu hvers og eins.
- 4.7. Við virðum réttindi einstaklinga innan teyma okkar til að fagna menningu sinni og síðum að því marki að það dragi ekki með óviðeigandi hætti úr starfsanda og hlutverki teymisins.
- 4.8. Við stundum ekki barnaþrælkun, notum ekki þvingað vinnuafli, né krefjumst ólöglegar yfirvinnu.
- 4.9. Við samþykkjum ekki beitingu andlegra eða líkamlegra refsinga af neinu tagi og líðum ekki áreitni eða einelti af nokkru tagi.
- 4.10. Við líðum ekki kynferðislegri áreitni af neinu tagi og gerum varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að hún eigi sér stað.
- 4.11. Við hindrum starfsfólk ekki í að bindast verkalýðsfélögum eða hópum sem þeir kjósa að tilheyra, né hindrum það í að taka þátt í sameiginlegum samningaviðræðum.
- 4.12. Við greiðum að minnsta kosti lögbundin lágmarkslaun eða þau laun sem eru viðeigandi á hverjum stað sem eru hærri en lágmarkslaun og greiðum fyrir yfirvinnu með réttlátum hætti.
- 4.13. Við mismunum ekki á grundvelli kyns, þjóðernis, trúar, kynhneigðar, aldurs eða á grunni annarra handahófskenndra ástæðna.

### **5. Skuldbinding gagnvart samfélaginu**

Við kappkostum að skilja þá menningu sem við vinnum í, finna sameiginlegan grundvöll og koma á gagnkvæmri virðingu á milli aðila.

- 5.1. Við tökum ekki þátt í að grafa undan eða skaða staðbundin samfélög, þjóðfélög eða hagkerfi.
- 5.2. Við fylgjum viðeigandi lögum og reglur þess viðkomandi lands eða landa sem við vinnum innan.
- 5.3. Við erum hlutlaus og tökum ekki pólitíska stöðu í átakaaðstæðum.
- 5.4. Við öxlum samfélagslega ábyrgð og kappkostum að þróa faglegar starfsvenjur okkar í samræmi við það.

5.5. Við viðhöldum og stuðlum að siðfágun af hæsta stigi, jafnvel þegar við vinnum undir áhrifum félaga, fyrirtækja, stofnana eða ríkisstjórna, þar sem starfshættir eða stefnur orka tvímælis.

## **6. Sjálfbærni og náttúrulegt umhverfi**

Við kappkostum að draga úr þeim mögulegu skaðlegum áhrifum á umhverfið sem kunna að verða vegna verkefna, verkefnastofna og verkefnisskráa okkar.

- 6.1. Við stuðlum að meðvitund um umhverfisábyrgð innan verkefnateyma okkar, skipulagsheilda og í samfélaginu öllu.
- 6.2. Við hugsum til langs tíma með tilliti til umhverfisins og stuðlum að sjálfbærri þróun.
- 6.3. Við gerum það sem við getum til að draga úr sóun og losun í loft, í jarðveg og í vatn og hvetjum til endurvinnslu efna og notaðra vara.
- 6.4. Við meðhöndlum, geymum og förgum hættulegum úrgangi á umhverfisvænan hátt.
- 6.5. Við notum auðlindir á skilvirkan hátt í verkefnum og verkefnastofnum okkar og forðumst sóun.

## **7. Menntastefna okkar**

- 7.1. Við aukum markvisst meðvitund um þau gildi og meginreglur sem lýst er í Starfs- og siðareglum IPMA í verkefnateymum okkar.
- 7.2. Við innbyrðum það sem við þekkjum um tækni, vísindi og stjórnun verkefna, verkefnastofna og verkefnaskráa til að þróa og þroska fólkið sem við vinnum við.

## **Viðauki 1: Skilgreiningar**

### **Verkefniseigandi**

Vísar til sérhvers einstaklings, hóps, skipulagsheildar, stofnunar, frjálsra félagasamtaka, ríkis eða alþjóðastofnunar sem vill hefja og/eða hefur fjárhagslega skuldbindingu gagnvart verkefni, verkefnastofni eða verkefnaskrá.

### **Hagsmunaaðili**

Vísar í hvern þann sem verkefni, verkefnastofna eða verkefnaskrá hefur bein eða óbein áhrif á, eða þarf að takast við afleiðingar af vinnu eða útkomu þessa.

### **Hagsmunaárekstrar**

Vísar í hverja þær aðstæður þar sem persónulegir hagsmunir gæti verið í andstöðu við faglega eða almanna hagsmuni, eða þar sem skylda eins aðila gagnvart öðrum aðila hefur áhrif á getu viðkomandi til að mæta skyldum sínum gagnvart þriðja aðila.